

Rifós hf, fiskeldi
Lóni
671 Kópaskeri

Reykjavík, 16. september 2019
UST201901-270/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 8. og 9. júlí. 2019, hjá Rifósi.

Þann 8. og 9. júlí sl. fór fram eftirlit í Rifós hf, Kelduhverfi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar eru gerðar en fjölgur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.8 í starfsleyfi. Frárennslí frá sláturhúsi skal hreinsað fyrir losun í viðtaka. Ekki hefur verið orðið við ábendingum frá fyrra eftirlitum, um að tæma þurfí settjörni við frárennslí sláturhúss. Mikil uppsöfnun er í tjörninni og hún sinnir því ekki hlutverki sínu sem skyldi. Ástand settjarnar bendir einnig til þess að tíðni hreinsunar fitugildru, sem frárennslíð fer í gegnum á leið sinni til settjarnarinnar, sé ekki nægileg.
2. Gr. 2.14 í starfsleyfi. Nýja umsókn þarf í hvert skipti sem rekstraraðili kann að óska eftir leyfi Umhverfisstofnunar til varps í hafið. Ekki var óskað eftir leyfi til varps í hafið vegna dælingar sem var framkvæmd í júní 2018 í Lindinni. Rekstraraðili sótti hinsvegar um leyfi fyrir dælingu 2019 og hyggst sækja um leyfi í veturn fyrir framtíðardælingum. **Fráviku telst því lokið.**
3. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Árskýrsla skal berast eftirlitsaðila fyrir 1. maí árlega og innihelda niðurstöður mælinga, vöktunar og skráninga. Ársyfirlit innihélt skráningar en ekki niðurstöður mælinga né vöktunar. Vöktunarskýrsla vegna blaðgrænumælinga í Lónum 2018 barst 9. júlí.
4. Gr. 3.3 í starfsleyfi Grænt bókhald skal berast fyrir 1. maí árlega vegna undangengins rekstarárs. Grænt bókhald barst 30. apríl sl. en var án undirskriftar endurskoðanda. Grænt bókhald með undirskrift endurskoðanda barst þann 7. júni. **Fráviku telst því lokið.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7. október, 2019.

Virðingarfyllst

Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Halla Einarsson
Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rifós Kelduhverfi



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	9.7.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Rifós	Eftirlitsmaður	
Heimili	Lóni	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500692-2869	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Helgi Þorvaldsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Helgason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið komu fjögur frávik fram er varða leyfi vegna varps í hafið 2018, ársyfirlit, grænt bókhald og tæmingu settjarnar við sláтурhús.

Tvær ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Nánar varðandi frávik frá gr. 3.2 í starfsleyfi: Heimilt er að vísa í vöktunarskýrslu Náttúrustofu Norðausturlands í ársyfirliti, m.t.t. vöktunar, en skýrslan skal berast fyrir 1. maí líkt og ársyfirlitið. Auk þeirra mælinga framkvæmir rekstraraðili redox mælingar á þriggja mánaða fresti líkt og fjallað er um í ársyfirliti. Eftirlitsaðili óskar eftir því að niðurstöður þessara mælinga komi framvegis einnig fram í ársyfirliti og/eða vöktunarskýrslu.

Vöktunarskýrsla vegna blaðgrænumælinga barst 9. júlí. Réttar skráningar á losun köfnunarefnis og fosfórs bárust 26. ágúst. Hvorki niðurstöður mælinga á umhverfisþáttum í vatnsbol, hiti, selta og súrefni, né niðurstöður redoxmælinga hafa borist eftirlitsaðila.

Frávik frá

Gr. 2.8 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Frárennslí frá sláturhúsi skal hreinsað fyrir losun í viðtaka. Ekki hefur verið orðið við ábendingum frá fyrra eftirlitum, um að tæma þurfi settjörn við frárennslí sláтурhúss. Mikil uppsöfnun er í tjörninni og hún sinnir því ekki hlutverki sínu sem skyldi. Ástand settjarnar bendir einnig til þess að tíðni hreinsunar fitugildru, sem frárennslíð fer í gegnum á leið sinni til settjarnarinnar, sé ekki nægileg.

Gr. 2.14 í starfsleyfi

Nýja umsókn þarf í hvert skipti sem rekstraraðili kann að óska eftir leyfi Umhverfisstofnunar til varps í hafið. Ekki var óskað eftir leyfi til varps í hafið vegna dælingar sem var framkvæmd í júní 2018 í Lindinni. Rekstraraðili sótti hinsvegar um leyfi fyrir dælingu 2019 og hyggst sækja um leyfi í vetur fyrir framtíðardælingum. Fráviku telst því lokið.

Gr. 3.2 í starfsleyfi

Ársskýrsla skal berast eftirlitsaðila fyrir 1. maí árlega og innihelda niðurstöður mælinga, vöktunar og skráninga. Ársyfirlit innihélt skráningar en ekki niðurstöður mælinga né vöktunar. Vöktunarskýrsla vegna blaðgrænumælinga í Lónum 2018 barst 9. júlí.

Gr. 3.3. í starfsleyfi

Grænt bókhald skal berast fyrir 1. maí árlega vegna undangengins rekstrarárs. Grænt bókhald barst 30. apríl sl. en var án undirskriftar endurskoðanda. Grænt bókhald með undirskrift endurskoðanda barst þann 7. júni. Fráviku telst því lokið.

ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili óskar eftir því að niðurstöður mælinga Náttúrustofu Norðausturlands á sýnum, sem voru tekin fyrir og eftir dælingu undan búrum, berist stofnuninni eins fljótt og auðið er, í seinasta lagi fyrir 1. maí 2020 líkt og kveður á í starfsleyfi.

Uppfæra þarf vöktunaráætlun, þar sem að í gildandi áætlun er ekki gert ráð fyrir dælingu undan búrum árlega, undan hvoru svæði fyrir sig annað hvert ár. Einnig skal tímataka sýnatöku endurskoðuð þar sem núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir botnsýnatöku í lok sumars, en dælingin undan kvíunum fer fram á vorin/fyrri hluta sumars og því er búið að dæla út mest af lífræna efninu sem safnast upp þegar sýntakan fer fram

ANNAÐ

Guðmundur Þórðarson var einnig viðstaddur eftirlitið.

Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja alhygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.09.2019



Hulda Soffía Jónasdóttir

bis. 4

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Rifós	Dags. eftirlits: 8.7 og 9.7.2019	Staðsetning stöðvar: Rifósi, Kelduhverfi	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4, en árlegt eftirlit
Kennitala rekstraraðila: 500692-2869	Gildistími starfsleyfis: 31.12.2027	Kvittun afhend: Já	Gerð stöðvar: 1000 tonna seiðaeldi á landi og kvíaeldi, bleikja og lax.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			2018 var tæplega 500 tonnum af bleikju slátrað, lífmassaaukning milli áramóta var 95 tonn og afföll um 82 tonn. Alin voru bæði bleikju- og laxaseiði á árinu.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Eldi hefur verið hafið á laxaseiðum til útsetningar hjá Fiskeldi Austfjarða. Vegna nýrnaveiki var þeim fargað nú í sumar.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar eru góðar. Notast er við Fishtalk og vinnuskýrslur eru til staðar v. móttöku úrgangs af Sel sf. Bæta þarf skráningar v. móttöku spilliefna.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Ársskýrsla barst UST 30. apríl. Skv. gr. 3.2 í starfsleyfi skal ársskýrsla innihalda niðurstöður mælinga, vöktunar og skráninga. Ársyfirlit innihélt skráningar en ekki niðurstöður mælinga né vöktunar. Einnig skulu tölur um icosun köfnunarefnis og fosfórs koma fram í skýrslunni. Vöktunarskýrsla vegna blaðgrænumælinga í Lónum 2018 barst 9. júlí.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Grænt bókhald barst UST 30. apríl en var án undirskriftar endurskoðanda. Grænt bókhald með undirskrift endurskoðanda barst 7. júní og frávikinu telst því lokið.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum?	X			Áhættumat er til staðar en þarfnað uppfærslu m.t.t. fóðurs í sílóum og úti á búrum.

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíældi

(viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				Neyðar- og viðbragðsáætlanir voru til staðar.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Staðfesting fékkst frá tryggingafélagi.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Aðgengileg á staðnum og samningur er við Sel sf. um móttöku úrgangs vegna neyðarslátrunar. Fer í urðun á Kópaskeri.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmynndun sé í lágmarki?	X			Fóðurtölver reikna daglega og svo allt skráð í Fishtalk. Sitthvert forritið er notað í seiðastöð og í búrum. Fóðursíló eru á búrum en fyrir smæstu seiði er fyllt á sjálfvirk fóðrara daglega.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vört? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Bæði reiknað og mælt. Síðasta sýni var tekið af Náttúrustofu Norðausturlands í byrjun sumars, niðurstöður hafa enn ekki borist UST. Skráning skv. útreikningum fyrir almanaksárið 2018 sýna 74 kg N / framleitt tonn og 11 kg P / framleitt tonn.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	X			Vottaði fyrir froðu við útrás frárennslis í settjörn. Enginn fiskur sást né aðrir aðskotahlutir. Hvorki var hitauppgufun né óeðlileg lykt.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oph. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X	X		Frárennsli frá útikerjum fer í gegnum færeyinga og út settjörn austan við húsin sem rennur svo eftir skurði út í Innra Lón. Laga þarf rist við útrás settjarnar. Settjarnir fyrir frárennsli frá húsum er vestan megin við það. Fituskilja er á frárennsli frá sláturhúsi. Tæma þarf settjörnina sem frárennslið liggur í.	
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Viðtaki seiðstöðvar er Innra Lón u.p.b. 20-100 metra frá kerjum eftir því um hvaða ker ræðir. Lónin eru sjávarlón, þ.e. sjór gengur inn í þau við háa sjávarstöðu og og dýpri hluti Innra Lóns er því lagskiptur með ferskvatn ofan á saltara vatni.	
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Mjög grunnt er undir kvíum, dýpst um 12 metrar, en tekin eru stungusýni úr botni undir búrum og redox mælt, til að hægt sé að bregðast tímalega við með dælingu undan búrum til að varna uppsöfnun og koma í veg fyrir massadauða vegna vetrissúlfíðs, líkt og gerðist 2001.	
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			Kvíar í Lóni voru færðar til í byrjun júlí vegna dælingar undar búrunum.	
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			10 seiðakvíar, 12 x 12 metrar eru í Lindinni, grynnra svæði suðausturhluta Innra-Lóns rétt utan við seiðastöð og 22 stærri matfiskskvíar vestar á Innra-Lóni við aðeins meira dýpi. Við eftirlit voru um 90 tonn í Lindinni og 240 tonn úti í Lóni.	
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			Slátrun bleikju er samfelld, þar sem ekki er um kynslóðaskipt eldi að ræða. Arctic Protein tekur við slógi.	
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?	X			2-4x ári eru redox mælingar til að fylgjast með ástandi botns undir kvíum. Selta og hitastig eru mæld oftar og súrefni daglega. Þar sem eldið fer fram í lóni með minni vatnsskipti og sjálshreinsun	

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíaeldi

				botnsins en er í kvíaeldi í sjó er meiri hætta á eitrun vegna vetrnissúlfifös en annars og því títt eftirlit.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfriun og förgun dauðfisks?	X			Plast undan fóðurpokum fer í endurvinnslu hjá Sel sf. en stórsekkjum er safnað saman og farið með um 2x á ári til Húsavíkur. Annað plast og pappi sem fellur til er flokkað og starfsmenn fara með í endurvinnslu á Húsavík.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Vöktun er í samræmi við samþykkta vöktunaráætlun.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		X		Sjá umfjöllun vegna árskýrslu. Í vöktunaráætlun er fjallað um vöktun á umhverfispáttum í vatnsbol, niðurstöður þeirra mælinga varnar einnig í vöktunarskýrslur og/eða ársyfirlit.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Mælingar eru framkvæmdar af Náttúrustofu Norðausturlands. Sýnataka vegna blaðgrænu er vikulega. Sýnataka á botnseti fór fram 7. júní 2019 fyrir áætlaða dælingu undan kvíum, og áætlað var að næsta sýnataka yrði í ágúst.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Þrjú frávik komu fram í eftirlitinu er varða leyfi til varps í hafið og skil á árskýrslu og grænu bókhaldi. Ábendingar eru gerðar um uppsöfnun rusls á svæðinu, settjörn við sláturhús og að huga þurfi að endurnýjun olíutanks.

Samantekt:	Starfssemi sem elur bæði bleikju og laxaseiði á landi og bleikju til slátrunar í kvíum úti á Lóni. Eftirlitsaðili óskar eftir því að niðurstöður mælinga Náttúrustofu Norðausturlands á sýnum, sem voru tekin fyrir og eftir dælingu undan búrum, berist stofnuninni eins fljótt og auðið er, í seinasta lagi fyrir 1. maí 2020 líkt og kveður á í starfsleyfi. 2018 var gerð ábending vegna settjarnar við sláturhús sem ekki hefur verið brugðist við, frávik er því skráð.
-------------------	---

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaeldi**

	<p>Dælt var undan seiðakvíum í júní 2018 án þess að óskað hefði verið eftir leyfi Umhverfisstofnunar fyrir varpi í hafið.</p> <p>Uppfæra þarf vöktunaráætlun, þar sem að í gildandi áætlun er ekki gert ráð fyrir dælingu undan búrum árlega, undan hvoru svæði fyrir sig annað hvert ár.</p> <p>Einnig skal tímataka sýnatöku endurskoðuð þar sem núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir botnsýnatöku í lok sumars, en dælingin undan kvíunum fer fram á vorin/fyrri hluta sumars og því er búið að dæla út mest af lífræna efninu sem safnast upp þegar sýntakan fer fram.</p> <p>Við eftirlitið komu fram fjögur frávik er varða leyfi vegna varps í hafið 2018, ársyfirlit, grænt bókhald og tæmingu settjarnar við sláturhús.</p>
Annað:	<p>Nýrnaveiki er til vandræða í rekstrinum og því er smithætta milli seiða og kvía. Farið var í vettvangsheimsókn á seiðaeldisstöð 8.7.19 og vinnsla og aðstaða í landi vegna kvíaeldis skoðuð 9.7.19.</p> <p>Eftirlit með framkvæmd dælingar undan kvíum vegna varps í hafið var einnig á dagskrá í ferðinni. Ekki tókst að hefja dælingu á meðan eftirlitsmaður var á svæðinu, líkt og áætlað hafði verið, en farið var yfir búnað, aðstæður og verkferla. Rekstraraðili sendi svo framkvæmdalýsingu og myndskeið að framkvæmdinni lokinni.</p> <p>Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir